

Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 14. apríl 2016

V/ uppgjör endurvinnslustöðvanna

Eins og kom fram á síðasta fundi stjórnar var rekstrartap af endurvinnslustöðvunum á síðasta ári og nemur upphæðin 50.838.575,-. Þessi umframkostnaður á sér ýmsar skýringar sem áður hefur verið farið yfir.

Í þjónustusamningi SORPU við sveitarfélögin er fjallað um hvað skuli gera með jákvæðan eða neikvæðan mismun eftir hvert reikningsár. Um þetta er fjallað í 9. gr. samningsins:

„Kostnað sem hlýst af fráviki frá áætluðu magni úrgangs eða förgunar-, endurnýtingar- eða endurvinnslukostnaði skal SORPA innheimta hjá sveitarfélögunum við ársuppgjör. Sé magn úrgangs eða kostnaður við förgun, endurnýtingu eða endurnotkun úrgangs undir áætlun skal SORPA endurgreiða sveitarfélögunum ofgreidd gjöld. Heimilt er að færa vanrukkuð eða ofgreidd gjöld milli ára þ.e. þau leggjast við eða dragast frá gjöldum næsta árs. Kostnaði sveitarfélaganna skal skipta hlutfallslega milli þeirra m.v. íbúatölu hjá hverju sveitarfélagi. Skal miða við íbúatölu hinn 1. desember næstan á undan greiðsludegi. Við ársuppgjör skal miða við sömu hlutfallstölu og viðkomandi rekstrarár.“

Skv. ofangreindu er heimilt að færa uppgjör milli ára, hins vegar getur það verið varasamt vegna hættu á uppsöfnun, sérstaklega í ljósi þess að magn á endurvinnslustöðvunum hefur vaxið verulega frá áramótu og stefnir í að erfitt verði að finna sparnað í rekstri á móti þessum útgjöldum sem af augljósum ástæðum eru ekki í áætlun ársins. Vitað er hins vegar að staða sveitarfélaganna er mismunandi til uppgjör á þessari skuld þeirra við SORPU bs. Hér eru sett upp nokkur dæmi um hvernig hægt væri að ganga frá þessum málum:

Dæmi 1, 100% greidd upp í maí 2016

Sveitarfélag	Skipting skv. íbúatölu 1. des 14	Eingreiðsla
Reykjavík	57,71%	29.338.942
Kópavogur	15,73%	7.996.908
Hafnarfjörður	13,21%	6.715.776
Garðabær	6,85%	3.482.442
Seltjarnarnes	2,09%	1.062.526
Mosfellsbær	4,41%	2.241.981
SAMTALS	100%	50.838.575

SORPA bs.

Dæmi 2, 40% greidd í maí 2016 og 60% greidd í janúar 2017

Sveitarfélag	Skipting	40% maí 16	60% jan 17	Vextir*	Greitt jan 17
Reykjavík	57,71%	11.735.577	17.603.365	562.134	18.165.499
Kópavogur	15,73%	3.198.763	4.798.145	153.221	4.951.365
Hafnarfjörður	13,21%	2.686.310	4.029.465	128.674	4.158.140
Garðabær	6,85%	1.392.977	2.089.465	66.724	2.156.189
Seltjarnarnes	2,09%	425.010	637.516	20.358	657.874
Mosfellsbær	4,41%	896.792	1.345.189	42.956	1.388.145
SAMTALS	100%	20.335.430	30.503.145	974.067	31.477.212

* Vextir reiknast tímabilið maí 2016 – jan 2017. Vaxtaþrósentu miðast við almenna innlánsvexti sem SORPU standa til boða í sínum viðskiptabanka.

Dæmi 3, 60% greidd í maí 2016 og 40% greidd í janúar 2017.

Sveitarfélag	Skipting	60% maí 16	40% jan 17	Vextir*	Greitt jan 17
Reykjavík	57,71%	17.603.365	11.735.577	374.756	12.110.333
Kópavogur	15,73%	4.798.145	3.198.763	102.147	3.300.910
Hafnarfjörður	13,21%	4.029.465	2.686.310	85.783	2.772.093
Garðabær	6,85%	2.089.465	1.392.977	44.482	1.437.459
Seltjarnarnes	2,09%	637.516	425.010	13.572	438.582
Mosfellsbær	4,41%	1.345.189	896.792	28.638	925.430
SAMTALS	100%	30.503.145	20.335.430	649.378	20.984.808

* Vextir reiknast tímabilið maí 2016 – jan 2017. Vaxtaþrósentu miðast við almenna innlánsvexti sem SORPU standa til boða í sínum viðskiptabanka.

Einhverjar aðrar samsetningar má skoða en það er tilgaga undirritaðs að 60% verði innheimt hjá sveitarfélögunum nú í maí 2016 og það sem af stendur verði gert upp í janúar 2017.

Virðingarfyllst,



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri